

## Stjórnarfundur 295

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
05.03.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 295</a>
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	13:00 – 14:33	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, fyrir Sif Jóhannesar Ástudóttur Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi	Sif Jóhannesar Ástudóttir	

### Starfsfólk

Eyþór Björnsson, forstjóri  
Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs  
Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs  
Þórir Guðmundsson, verkefnastjóri

---

**Dagskrá fundar:**

- 1. Móahverfi, hönnun og framkvæmdir**
- 2. Fjárfestingaáætlun 2024**
- 3. Reykjavæita - erindi frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps**
- 4. Sólarorkugarður við Orkugarð**
- 5. Önnur mál**

## 1. Móahverfi, hönnun og framkvæmdir

Sviðsstjóri framkvæmdasviðs og sameiginlegur verkefnastjóri Norðurorku og Akureyrarbæjar fóru yfir mál tengd hönnun og framkvæmdum í Móahverfi.

***Formanni stjórnar og forstjóra falið að fylgja málinu eftir.***

## 2. Fjárfestingaáætlun 2024

Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs fór yfir endurskoðaða fjárfestingaáætlun 2024.

***Stjórn gerir ekki athugasemd við fjárfestingaáætlunina.***

## 3. Reykjaveita - erindi frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur undanfarin misseri haft málefni Reykjaveitu til umfjöllunar og hefur sent stjórn Norðurorku hf. erindi þar um.

***Forstjóra falið að vinna málið áfram.***

## 4. Sólarorkugarður við Orkugarð

Þegar hús 8 á Rangárvöllum, sem hýsir Orkugarð og fleiri stofnanir/fyrirtæki, var byggt var gert ráð fyrir því að hægt væri að setja upp sólarcellur á húsið og það hugsað í rannsóknarskyni. Nú hefur Orkusetur Orkustofnunar endurvakið þá hugmynd og var hún kynnt var fyrir Norðurorku á fundi fyrir skömmu og í framhaldi af þeim fundi leggur Orkusetur fram formlegt erindi til Norðurorku með ósk um samstarf í slíku verkefni.

***Stjórn fagnar þessu framtaki og samþykkir þátttöku í verkefninu.***

## 5. Önnur mál

a) Forstjóri greindi frá fundum sem Norðurorka hefur átt með Orkustofnun vegna umsóknar um nýtingarleyfi fyrir heitt vatn á Ytri Haga. Ljóst er að Norðurorka á ekki aðra kosti en að bora fullgilda vinnsluholu til að mæla afkastagetu jarðvarmasvæðisins og sækja um nýtingarleyfi í framhaldi af því á grundvelli þeirra mælinga.

b) Trúnaðarmál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:33